

## **Stýrihópur um framtíðarnýtingu Krýsuvíkursvæðisins**

**Fundargerð 10. fundar**, sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs Hafnarfjarðarbæjar  
9. mars 2016 og hófst kl. 17:00.

### **Fundinn sátu:**

Fulltrúar Hópbíla – Pálmar Sigurðsson og Friðgeir Jónsson.

Fulltrúar stýrihópsins - Borghildur Sturludóttir, Fjölur Sæmundsson, Kristinn Andersen, Sigríður Björk Jónsdóttir og Valdimar Svavarsson, auk Dags Jónssonar, vatnsveitustjóra.

### **Samtal við fulltrúa Hópbíla**

Kristinn bauð fulltrúa Hópbíla velkomna, þakkaði fyrir áhuga fyrirtækisins á verkefni hópsins og ósk þess um að kynna fyrir hópnum hugmyndir Hópbíla og eiga samtal um verkefnið. Hann kynnti stýrihópinn og fór yfir það verkefni sem honum hefur verið sett.

Pálmar og Friðgeir fóru yfir áhuga fyrirtækisins á Krýsuvíkursvæðinu og nýtingu þess fyrir ferðapjónustu.

Rætt var um þessar hugmyndir, hvað þyrfti til að koma þeim í framkvæmd, hvernig bærinn nálgast verkefnið með öðrum aðilum o.s.frv.

Samþykkt var að halda áfram samtali um Krýsuvíkursvæðið samhliða því sem hugmyndir um framtíð þess og nýtingu þróuðust.

### **Staða verkefnisins og lok þess**

Að lokinni heimsókn fulltrúa Hópbíla var tekinn upp þráðurinn um verkefni hópsins og verklok, en stýrihópurinn hefur núna nýtt alla þá 10 fundi sem honum voru ætlaðir og er kominn fram yfir þann tímaramma sem settur var. Fólk var sammála um að viðfangsefnið væri umfangsmikið og margþætt, en starfshópurinn þyrfti svigrúm til að taka saman niðurstöður og skila af sér. Kristni var falið að kynna stöðu verkefnisins fyrir bæjarráði og leita eftir umboði fyrir stýrihópinn til að ljúka því.

Fundi var slitið kl. 18:30.

*Sent stýrihóp til samþykktar*